

FRÓÐI

Nóvember 2013

Fréttabréf Ingunnarskóla

Dagur íslenskrar tungu



Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember en undanfarin ár hafa Íslendingar haldið þann dag hátíðlegan til þess að leggja sérstaka rækt við íslenska tungu, en þessi dagur var valinn því hann er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar sem var eitt ást-sælasta skáld þjóðarinnar.

Allir nemendur og starfsfólk komu saman í dag á samveru og héldu upp á daginn. Kór 7. bekkjar söng undir stjórn Jóhönnu Halldórsdóttur og Hallveig Thorlacius las úr nýrri bók sinni *Augað* sem fjallar um ævintýri Hrefnu Esmeröldu.

Veittar voru viðurkenningar í Ljóða- og smásagnasamkeppni sem haldin er á hverju hausti. Krístrún Guðmundsdóttir hlaut fyrstu verðlaun fyrir sögu sína *Kindin sem dansaði endalaust og kannaði heiminn* en sjö nemendur hlutu viðurkenningar fyrir sitt framlag, þeir eru Sara Rún Gísladóttir 2.ML, Matthildur Sveinsdóttir 3.ML, Einar Berg Jónsson 4.LR, Lovísa Sigríður Hansdóttir 5.SS, Alice Victoría Kent 6.GÓ, Kristján Bjarki Halldórsson 8.SÓ og Bjarki Leó Snorrason 9.AS.



Baráttudagur gegn einelti



Baráttudagur gegn einelti var haldinn 8. nóvember í Ingunnarskóla. Við fengum góðan gest í skólann en Selma Björk Hermannsdóttir, 16 ára nemandi í FG, sem hefur sjálf lent í miklu einelti, kom og sagði nemendum frá sinni reynslu. Það var alveg magnað að hlusta á frásögn hennar og mátti heyra saumnál detta á meðan hún talaði. Boðskapur hennar og það hvernig hún hefur kosið að takast á við þessa reynslu náði vel til nemenda sem klöppuðu vel fyrir henni í lokin auk þess sem spurningum rigndi yfir hana.

Nemendur í 6. – 10. bekk horfðu á myndina *Cyber Bully* sem fjallar um neteinelti og ræddu um hana á eftir. Nemendur í 4. og 5. bekk horfðu á myndina *Katla gamla* og unnu verkefni tengd myndinni. Í 1. - 3. bekk horfðu nemendur á myndina *Ávaxtakarfan* og höfðu umræður á eftir. Listgreinakennarar komu inn á svæði og unnu með þeim verkefni tengt vináttu og jákvæðum samskiptum.

Dagurinn gekk vel í alla staði og voru nemendur hæstánægðir með daginn.



Fyrsti bekkur á ferð og flugi

Fyrsti bekkur hefur verið og verður á ferðinni næstu vikur. Listasafn Reykjavíkur var heimsótt og meðal annars skoðuð verk eftir Erró og íslensk vídeólist. Þjóðminjasafnið verður heimsótt á næstu vikum og nemendur fræddir um baðstofulíf og handverk til forna. Svo tókum við forskot á jólasæluna og förum í Húsdýragarðinn og fáum jólasögur beint í æð. Jóna Valborg Árnadóttir rithöfundur kom og las upp úr bók sinni Brosbókin við mikla lukku áheyranda. Sem sagt; nóg að bauka hjá 1. bekk.

Boðhlaup gegn barnadauða



Í október tók 7. bekkur þátt í maraþon-boðhlaupi til að vekja athygli á barnadauða í heiminum. Barnaheill – Save the Children standa fyrir hlaupinu sem kallast Kapphlaupið um lífið (Race for Survival).

Tæplega 250 íslensk börn tóku þátt í hlaupinu í ár en það fer fram í 67 löndum. Krakkarnir hituðu upp með íþróttaalfinum og enginn annar en Óli Stef startaði hlaupinu. Krakkarnir okkar stóðu sig frábærlega og hlupu eins og vindurinn og komu í mark rétt um Íslandsmetstíma Kára Steins og verður það að teljast frábær árangur. Eftir hlaup fengu krakkarnir pizzu og djús áður en haldið var heim.

Lífsleikni í 2.-3. bekk



Í vetur er 2. og 3. bekkur að vinna markvisst með lífsleiknínámsefnið *Að vaxa úr grasi*. Þetta er fjölbreytt og skemmtilegt námsefni, leikir, umræður og verkefnabækur sem fara fljótlega heim. Sem dæmi þá ræddum við um hvað samfélag er og hversu gott það er þegar fólk hjálpast að. Við förum í leik, skritna vatnaliljuleikinn þar sem litlir hópar áttu að hjálpast að við að halda blöðru (herra Froski) á lofti. Hver nemandi var með blað og saman bjuggu þeir til stóra vatnalilju. Allir skemmtu sér konunglega í þessum fjöruga leik og lærðu að vinna saman.

Við höfum einnig rætt hversu gott það er að þekkja hvert annað með nafni og virða hvert annað, hversu dýrmæt vináttan er og að við eigum að bera virðingu hvert fyrir öðru. Það skiptir líka máli að kunna hvernig og hvenær á að biðja um hjálp ef maður þarf á henni að halda. Að lokum ræddum við og æfðum hvernig við hlustum á hvert annað af virðingu.

Gróðursetning á skólalóðinni

Í október unnu nemendur í 3. og 7. bekk að gróðursetningu á skólalóðinni en skólinn fékk úthlutað styrk til þess úr verkefnasjóðnum *Betri hverfi*. **Nemendur voru mjög duglegir og settu niður hátt í 300 plöntur í tvö stór beð.** Fimm feður við skólann og leikskólann tóku sig til og settu upp grindverk kringum trjábeðin en ástæða þótti til að hlífa plöntunum við ágangi, þar sem þær eru margar hverjar svo smáar og hverfa auðveldlega undir fyrstu snjóalög.



Tankadagurinn



Tankadagurinn var haldinn hátíðlegur í Ingunnarskóla 1. nóvember síðastliðinn. Dagskráin byrjaði á sal skólans þar sem allir nemendur skólans komu saman. Ásdís Kristinsdóttir verkfræðingur frá Orkuveitunni kom í heimsókn til okkar og fræddi nemendur um tankana í Grafarholti og sögu vatnsveitunnar í Reykjavík. Nemendur voru mjög áhugasamir og til fyrirmyndar á þessari kynningu.

Eftir að kynningunni lauk og nemendur höfðu gætt sér á sparnestinu sínu var þeim skipt í hópa. 1. bekkur fór niður í íþróttasal þar sem þau spreyttu sig á þrautabraut. 2.-7. bekkur fór í stöðvavinnu utanhúss og 8.-10. bekkur í stöðvavinnu innanhúss.

Tóku nemendur mjög virkan þátt og stóðu sig með mikilli þryði. Boðið var upp á hamburgara og franskar í tilefni dagsins í hádegismat.

Réttarhöld í 10. bekk

Íslensku- og náttúrufræðikennarar 10. bekkjar lögðu sameiginlegt verkefni fyrir 10. bekk. Nemendum var skipt í átta 6 manna hópa. Helmingur hópanna (4) hafði það hlutverk, fyrir hönd kynslóða framtíðarinnar, að ákæra hina hópana, fyrir hönd okkar, samtímafólksins. Ákæran skyldi snúast um mengun umhverfisins af okkar völdum. Ákærendur kölluðu til vitnisburðar sérfræðinga á ýmsum sviðum til að færa rök fyrir ákæruatriðum og með sama hætti kölluðu hinir ákærðu til sérfræðinga á ýmsum sviðum til að færa rök fyrir málstað sínum.

Skemmst er frá að segja, að þetta verkefni leystu 10. bekkingar með stakri þryði. Nemendur stóðu vel að heimildaöflun og var greinilegt að þeir voru vel viðræðuhæfir um flesta ef ekki alla þætti sem málið gat varðað. Þar að auki mættu þeir vel til hafðir og sýndu fyrirmyndarhegðun í **hvívetna meðan á „réttarhöldunum“ stóð.**





Ingunnarskóli
Maríubaugi 1
113 Reykjavík
www.ingunnarskoli.is

Sími: 411 7828
Fax: 411 7838
Netfang:
ingunnarskoli@reykjavik.is

Skrekkur

Eins og undanfarin ár taka unglingar í Ingunnarskóla þátt í Skrekk árlegri hæfileika-keppni fyrir grunnskólanemendur. 25 skólar hafa skráð sig til þátttöku í Skrekk 2013. Undankeppnin fer fram í Borgarleikhúsinu 18. 19. og 20. nóvember og mun Ingunnarskóli keppa þriðjudaginn 19. nóvember. Þegar undanúrslitakvöldunum er lokið, þar sem sex skólar hafa komist áfram, mun dómnefnd að auki velja tvo skóla sem taka þátt í úrslitakvöldinu sem fram fer þann 25. nóvember. Á lokakvöldinu verða því 8 skólar sem keppa til sigurs. Það verður spennandi að fylgjast með hvernig gengur en krakkarnir okkar hafa æft mikið undanfarið auk þess að útbúa búninga. Í dag fengu nemendur í 1.-7. bekk að sjá æfingu og hrifningin leyndi sér ekki.

Syngjandi skóli

Verkefnið *Syngjandi skóli* fór af stað síðastliðinn vetur undir stjórn Jóhönnu Halldórsdóttur og hefur hún haldið utan um kórstarf í 6.-7. bekk. Kórin hefur meðal annars sungið við messur í Guðriðarkirkju og mun einnig sjá um söng í helgileikum sem byrjað er að undirbúa. Sjöundi bekkur mun setja á svið söngleik sem hefur fengið vinnuheið *Söngur og tjaldferð*. Áherslan verður lögð á íslensk sönglög sem tilheyra íslenskri sveitarómantik, náttúru og eru oft sungin á ferðalögum um landið.



4.-5. bekkur nemur land

Nemendur í 4.-5. bekk hafa verið að læra um landnám Íslands og unnið mörg skemmtileg verkefni í tengslum við það. Farin var vettvangsferð á Þjóðminjasafnið sem var alveg frábær upplifun og gaman að sjá alla þessa gömlu hluti sem þar eru. Einnig unnu nemendur mjög skemmtilegt verkefni um landnámsmenn og skip þeirra, sömdu ljóð og sögu og ýmislegt fleira. Alveg stórskemmtilegt þema og flott vinna hjá krökkunum! Í listgreinum hjá Guðbjörgu fóru nemendur niður að Reynisvatni og tóku upp stuttmyndir.

